


# Menntavegurinn

Nú átt þú að velja þér eitt starf sem þér finnst mjög áhugavert. Ef þú hefur tekið einhvers konar áhugakönnun getur þú stuðst við niðurstöður hennar. Þegar þú hefur valið starf átt þú að kanna hvaða menntun eða undirbúningur liggur til grundvallar starfinu. Hér neðar er mynd af menntaveginum. Notaðu hann sem tímaás þegar þú leysir verkefnið. Ef þú myndir ákveða hér og nú að þú ætlaðir að velja tiltekið starf, hvaða skref þyrftir þú þá að taka á menntaveginum áður en þú værir komin(n) í draumastarfið? Þú þarft að gera grein fyrir námi á öllum skólastigum sem þarf að ljúka áður en takmarkinu er náð, þ.e. námi í framhaldsskóla, háskóla, námskeiðum eða hvað sem við á. Hvaða skóli/skólar býður/bjóða upp á viðeigandi nám? Hvaða námsbraut undirbýr þig best? Hve langan tíma áætlaðu í hvern hluta námsins? Eru einhverjar hindranir sem þarf að yfirstíga? Færðu allar þær upplýsingar sem þú kemst yfir inn á viðeigandi stað á menntaveginum þínum.

**Draumastarfið er:**

Byrjun



Endir

